

Heildaráætlun eldvarna í Lundarskóla

Mikilvægt:

Þegar neyðarhringing heyrir verða ALLIR að bregðast við eins og um bruna sé að ræða.

- Á öllum svæðum í Lundarskóla hanga upp leiðbeiningar fyrir hvert svæði ásamt teikningum af útgönguleiðum.
- Rýmingaræfingu skal halda tvisvar á hverju skólaári.

Ábyrgð:

- Húsvörður sér um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvitæki og útgönguleiðir.
- Húsvörður sér um að allar útgönguleiðir séu alltaf færar.
- Húsvörður ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári
- Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.
- Kennari/forfallakennari ber ábyrgð á sínum umsjónarbekk á svæði bekkjarins þegar búið er að rýma skólahúsnæðið og nafnakalli meðan á æfingu stendur.

Aðgerðir

1. Viðvörðunarkerfið fer í gang:

- Húsvörður og skólastjóri skoða stjórnstöð kerfisins, slökkva á bjöllunni og kanna hvaðan boðin koma. Allir fara í viðbragðsstöðu.
- Ritarar eru í sambandi við Securitas á meðan leitað er skýringa á því að kerfið fór í gang. Þeir tilkynna Securitas.

2. Viðvörðunarkerfið fer aftur í gang : Skólinn rýmdur samkvæmt áætlun. Öll rými rýmd. Útgönguleið könnuð, byrjað á að athuga hvort hurðin sé heit eða hvort reykur sé. Kennari tekur nafnakall. Nemendur fara út í einfaldri röð, kennari fer síðastur með mætingalistann og lokur hurðinni, læsir ekki. Ef björgunarop er eina leiðin út er nemendum í kjallara hjálpað út en á efri hæðum er beðið eftir aðstoð. Nemendur fara á sinn stað á grasfótboltavellinum. 1. bekkur austast (næst skólanum) og 10. bekkur vestast (fjærst skólanum). Aðrir bekkir þar á milli í réttri röð. Þar taka kennarar manntal aftur ef allir eru mættir skal setja græna spjaldið á loft. Ef einhvern vantar skal setja rauða spjaldið á loft og láta þann vita sem er að taka stöðuna á nemendum og starfsfólki hvern vantar. Starfsfólk sem stadd er annars staðar í skólahúsinu fer út skv. áætlun og aðstoðar við að koma nemendum í raðir og að halda hurðum opnum ef þarf. Allir aðrir aðstoða við að halda nemendum á sínum stað. Skólaliðar rýma snyrtingar og loka dyrum þar inn - læsa ekki. Ef nemendur eru á snyrtingum safnar skólaliði þeim saman og fylgir þeim út um næstu útidur og til sinnar bekkjardeildar. Skólaliðar verða staðsettir fyrir framan útganga og varna því að farið sé inn í skólann. Beðið eftir tilkynningu frá skólastjórnendum um næstu skref.
 - Húsvörður, ritarar og skólastjórnendur eru staðsettir við aðalanddyri skólans.
 - Stjórnendur aflýsa hættuástandi úti með því að veifa höndum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um það.

Ef eldur kemur upp í frímínútum:

1. Skólaliðar á göngum fara í allar stofur og snyrtingar og ganga úr skugga um að enginn nemandi sé inni. Séu nemendur inni er þeim safnað saman í einfalda röð og skólaliði fylgir þeim út um næstu útgöngudyr - loka stofunum - læsa ekki. Skólaliðar fara síðastir út. Aðrir sem eru í skólahúsnæðinu fara út skv. áætlun og aðstoða þegar út er komið. Umsjónarkennarar finna sinn hóp og koma þeim á réttan stað.
2. Í löngu frímínútum hjá unglíngastiginu: Þeir sem eru fyrir framan salinn fara í salinn og þaðan út. Skólaliðar á tengigangi uppi safna nemendum saman og senda þá út um næsta útgang. Fara svo inn á A-gang og aðstoða nemendur við að fara út að sunnan.
3. Þeir sem eru á útivakt sjá til þess að enginn fari inn, taka á móti nemendum við útganga og vísa þeim á réttan stað. Safna nemendum saman vestan við skólann og byrja að raða nemendum upp.